

Breytingin felst í nýbyggingu fyrir bankaútibú og héraðsdóm.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, á fundi sínum þann 4. janúar 2000.

Breytingarnar byggja á samþykktum skipulags- og umhverfisnefndar fyrir lóðirnar Eyrartröð 13, Melabraut 27 og Hvaleyrarbraut 33.

Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 31. mars 2000.

E.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Sindragata 4.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 23. júní 1999 samþykkt breytt skipulag lóðarinnar Sindragötu 4, Ísafirði.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Flateyraroddi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 23. júní 1999 samþykkt breytt skipulag Flateyrarodda á Flateyri.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafjarðarbæ, 23. mars 2000.

Bæjarverkfræðingur Ísafjarðarbæjar,

Ármann Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Miðbæjarsvæðis, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 7. desember 1999 var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Miðbæjarsvæðis á Akranesi.

Breytingin nær til reits sem afmarkast af Kalmansbraut, lóðamörkum lóða við Esjuvelli og Dalbraut, Dalbraut og Stillholt. Jafnframt nær deiliskipulagið til ofangreindra gatna og

gatnamóta sem liggja að reitnum. Byggingarmagn og sveigjanleiki er aukinn, byggingarreitir eru minnkaðir og heimilt verður að byggja í áföngum. Nýtingarhlutfall verður frá 0,4 til 2,6.

Auglýst var eftir athugasemdum skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og var breytingartillagan til sýnis frá og með miðvikudeginum 25. ágúst til mánu dagsins 27. september 1999. Athugasemdafrestur var til 11. október 1999. Athugasemdir bárust frá 27 íbúum, Akranesveitu og byggingarnefnd. Athugasemdir snertu kröfu um óbyggt svæði, lækkun húsa, gatnatengingar, slyshættu í umferð, eldra hús sem á að víkja, aukningu gróðurs á svæðinu. Bæjarstjórn hefur svarað athugasemdum og tekið tillit til þeirra flestra með minniháttar breytingum.

Framangreint deiliskipulag Miðbæjarsvæðis, Akranesi, tekur þegar gildi.

Akranesi, 24. mars 2000.

Skúli Lýðsson byggingar- og skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um staðfestingu á mörkum sveitarfélaganna Árneshrepps, Hólmavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar á Drangajökli.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 3. apríl 2000 staðfest mörk sveitarfélaganna Árneshrepps, Hólmavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar á Drangajökli.

Markalínan hefur verið dregin af Landmælingum Íslands á Atlasblað nr. 21 útgefið af „Geodetic Institute Copenhagen and Reykjavík 1934“ og er sú lína staðfest af ráðuneytinu. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. apríl 2000.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.